

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 240/2014****2015/EES/52/32****frá 24. október 2014****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/753/ESB frá 18. nóvember 2011 um að koma á reglum og reikniáðferðum til að sannreyna að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32ffc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 715/2013) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„32ffd. **32011 D 0753**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/753/ESB frá 18. nóvember 2011 um að koma á reglum og reikniáðferðum til að sannreyna að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (Stjtið. ESB L 310, 25.11.2011, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/753/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 310, 25.11.2011, bls. 11.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.